

Skýrsla bæjarstjóra um helstu verkefni dagana 23. mars til 1. maí 2016, lögð fram á fundi bæjarstjórnar þann 10 maí.

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar. Ég fer nú yfir tímabilið 23 mars til 1. maí en ég var fjarverandi á seinni fundi bæjarstjórnar í apríl vegna fræðsluferðar til Osló, Lillehammer og Ullernsaker með framkvæmdastjóra og starfsfólki SSV, sveitarstjórnarmönnum og bæjar- og sveitarstjórum á Vesturlandi.

Þetta tímabil einkennist gjarnan af vinnu við gerð ársreikninga og voru fjölmargir fundir haldnir innanhúss sem tengdust því. Ég átti fund með fulltrúum KPMG til að ræða frekari útfærslu á verkefni sem ég hef þegar kynnt varðandi endurskoðun á verkferlum og skipulagi fjárhagsáætlunargerðar auk greiningar á stöðu B-hluta og markmiðssetningu fyrir árin 2017-2020. Það eru mörg álitæfni sem við verðum að fara yfir og spurningar sem þarf að svara, til dæmis í tengslum við fjárfestingastefnu og niðurgreiðslu skulda.

Ég átti líka fund með fulltrúa fyrirtækisins True North vegna kvikmyndaverkefnisins á Akranesi og vikan endaði á tiltektardegi á bæjarskrifstofunni en við erum að fara í skýjalausnir varðandi vistun og geymslu gagna og þurftum að fara í rækilega tiltekt á tölvupóstum og öðrum gögnum til að létta yfirfærsluna. Titektardagurinn endaði svo í hópefli í lok dags þar sem starfsmenn spreyttu sig í ratleik sem reyndi á þekkingu á sögu bæjarins og staðháttum.

Í fyrstu vikunni í apríl áttum við fund með Hvalfjarðarsveit þar sem við fórum yfir málefni fatlaðra en Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit sent beiðni til velferðarráðuneytisins um að fá að reka eigið þjónusturáð en sveitarfélögin tvö mynda sameiginlegt félagsþjónustusvæði sem hefur tekið þátt í þjónusturáði Vesturlands. Við teljum flækjustigið of mikið og eðlilegt að þessi tvö sveitarfélög myndi eitt svæði en sett hafa verið skilyrði um átta þúsund íbúa á hverju svæði og í dag telja þessi tvö sveitarfélög um 7.600 íbúa.

Við héldum vinnufund með forstöðumönnum þar sem við fórum yfir drög að mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar og veltum því upp hvernig væri best að innleiða hana. Við settum okkur í þau spor að horfa tilbaka (árið 2020) og spyrja: Hvað hefur breyst í mannauðsmálum á Akranesi síðastliðin 4 ár, eftir að við innleiddum stefnuna? Flestir forstöðumenn voru á því að mikilvægast sé að efla liðsheildina á vinnustöðunum og hjá Akraneskaupstað í heild, vinna markvisst að heilsuefningu, til dæmis með samgöngustyrkjum og gefa fólki kost á að hreyfa sig á vinnutíma. Einnig að vinna markvisst með stjórnendabjálfun og aðgerðaáætlun í mannauðsmálum með aðstoð mannauðsráðgjafa svo það helsta sé nefnt. Við tókum þessa punkta áfram og vinnum með þá í forstöðumannahópnum.

Þessa vikuna var líka aðalfundur SSV sem ég sótti ásamt bæjarfulltrúum en fundurinn haldinn í Borgarnesi. Einnig var lokið við ráðningu skólastjóra Grundaskóla í sömu viku með aukafundi í bæjarstjórn. Við fengum gagnrýni fyrir það að ráðningaferlið hefði tekið langan tíma, fjórar vikur frá auglýsingu en inn í þetta tímabil komu páskar og aðrir þættir sem gerðu það að verkum að ráðningaferlið tók þennan tíma. Það er reyndar umhugsunarefni hvort við þurfum ekki að endurskoða samþykktina okkar hvað varðar ráðningar en ég teldi eðlilegast að skóla- og frístundaráð fengi umboð til að ráða skólastjóra og leikskólastjóra, en væru ekki einungis umsagnaraðilar eins og samþykktin hljóðar upp á í dag með ráðningarvaldið í bæjarstjórn. Þetta er óþarflega langt ferli að mínu mati.

Sömu viku var Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga sem formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúarnir Einar Brandsson og Ingibjörg Valdimarsdóttir sóttu og fór Steinar Adolfsson á þingið fyrir mína hönd ásamt því að sitja aðalfund lánasjóðs sveitarfélaga. Á fundinum var rætt um ný lög um opinber fjármál og áhrif þeirra á störf sveitarfélaga með tilliti til áætlanagerða.

Í vikunni á eftir átti ég fundi með forsvarsmönnum fjölbrautarskólans um frekara samstarf Akraneskaupstaðar og skólans við að efla verkmenntun. Ég átti líka samstarfsfund með nýkjörnum formanni Feban og varaformanni þar sem við fórum yfir þarfagreiningu varðandi heimasíðu Feban og ræddum síðan aðra samstarfsfleti svo sem áhuga samtakanna á því að vinna að stefnumótun í samstarfi við bæjaryfirvöld og fleiri aðila.

Við höldum námskeið fyrir starfsfólk bæjarskrifstofunnar í þjónustumálum - hvernig veitum við sem besta þjónustu og hverjir eru í þjónustuhlutverki. Það vill oft verða þannig að við teljum nóg að þeir sem eru í framlínunni sýni þjónustulund en við erum hinsvegar öll í þessu hlutverki og ef við, stjórnendur og sérfræðingar sinnum ekki upplýsingagjöf við þjónustufulltrúa eða samstarfaðila á stofnunum Akraneskaupstaðar þá getur það bitnað á okkar viðskiptavinum sem eru bæjarbúar.

Þessa vikuna gerðust síðan þeir voveiflegu atburðir hér á Akranesi að starfsmaður Akraneskaupstaðar, Nadezda Tarasova skólaliði í Grundaskóla var myrt og gerandinn svipti sig síðan lífi.

Ég vil nota tækifærið og þakka stjórnendum Grundaskóla og starfsfólkinu öllu fyrir þau viðbrögð sem þau sýndu í þessu máli og þann stuðning og kærleika sem þau sýndu aðstandendum Nadezdu. Ég vil líka þakka félagsmálastjóranum okkar fyrir hennar ráðgjöf og stuðning. Þetta var hörmulegur atburður og ég held að það sé óhætt að segja að hugur allra bæjarbúar hafi verið hjá aðstandendum og vinum Nadezdu.

Í vikunni á eftir sótti ég aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur en þar var meðal annars lýst yfir kjöri stjórnar og tók nýr formaður við störfum, Brynhildur Davíðsdóttir. Ég átti hinsvegar ekki kost á að sitja opna aðalfundinn sem var í kjölfarið en þar átti Akraneskaupstaður tvo fulltrúa, formann bæjarráðs og fulltrúa Akraneskaupstaðar í stjórninni. Ég átti þennan sama dag fund með embættismönnum í fjármálaráðuneytinu ásamt endurskoðanda Akraneskaupstaðar og fjármálastjóra vegna stöðu lífeyrisskuldbindinga Höfða og áhrif þeirra á bæjarsjóð. Þetta var annar fundur okkar en við höfum lagt fast að ráðuneytinu að fá sérstakar viðræður um skuldbindingu Höfða – utan við þá vinnu sem nefndin sem fjármálaráðherra skipaði en hún fjallar um allar lífeyrisskuldbindingar þar sem samrekstur ríkis og sveitarfélaga hefur átt sér stað eða yfirfærsla verkefna en þar á ég sæti eins og áður hefur komið fram. Á fundinum um lífeyrisskuldbindingarnar vegna Höfða lýsti ég yfir vonbrigðum okkar með afstöðu ráðuneytisins, að taka ekki sérstaklega á vanda hjúkrunarheimilana heldur setja öll málin í eina nefnd sem mun tefja úrlausn málsins. Staðan í dag er óþolandi þar sem hjúkrunarheimili sem eru rekin sem sjálfseignarstofnanir hafa fengið allar sínar lífeyrisskuldbindingar afskrifaðar á meðan að hjúkrunarheimili með sveitarfélagaábyrgð standa eftir með allar sínar skuldbindingar og eru að verða órekstrarhæf.

Í vikunni 25 til 28 apríl sótti ég fræðsluferð á vegum SSV til Oslóar, Ullernsaker og Lillehammer ásamt bæjarfulltrúunum Valgarði Jónssyni og Raket Óskarsdóttur. Við vorum 17 sem fóru frá Vesturlandi auk þess sem Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í Innanríkisráðuneytinu var með okkur. Við fengum fræðslu um þær breytingar sem núverandi ríkisstjórn í Noregi hefur hafið undirbúning að þar sem fækka á sveitarfélögum úr 428 í 100. Við heimsóttum samtök sveitarfélaga í Noregi og samtök opinberra starfsmanna. Einnig heimsóttum við sveitarfélagið Ullernsaker og fengum mjög góða fræðslu um starfsemina og stöðu sveitarfélagsins. Við fengum einnig fræðslu um verkefni fylkisnefnda hjá Opplandfylki í Lillehammer, um stöðu ferðaþjónustu í Noregi í háskólanum í Lillehammer og um opinbera stjórnun í Viðskiptaháskólanum í Osló. Þetta var mjög vel skipulögð ferð og einstaklega vel heppnuð. Það mun koma út greinargerð um ferðina sem mér finnst mikilvægt að verði send öllum bæjarfulltrúum til fróðleiks. Mér fannst til dæmis mjög áhugavert að heimsækja sveitarfélagið Ullernsaker sem hefur stækkað gríðarlega á undanförunum árum þar sem Gardemoen flugvöllur er staðsettur. Sveitarfélagið fær auknar tekjur með fjölgun íbúa en þeir sem flytja í bæinn eru yfirleitt að vinna láglounastörf á flugvöllinum og hlutur innflytjenda er orðin 20 % af íbúum sveitarfélagsins. Þeir

sem eru tekjuhæstir velja frekar að búa í Osló eða nágrenni og keyra eða taka lestina í vinnuna. Það er því áskorun fyrir bæjarfélagið að draga þá hópa til sín, þannig að tekjudreifingin verði betri.

Ég læt þessari yfirferð lokið og mun á síðasta fundi bæjarstjórnar fyrir sumarfrí taka fyrir tímabilið frá 1. maí til 14. júní.

Takk fyrir áheyrnina

Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri